

Nám í leikskóla

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins.

Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Þessi námssvið eiga að vera hluti af leik barna og vera samþætt daglegu skólastarfi. Jafnframt eiga þau að vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna. Námssviðin eiga að stuðla að sjálfstæði og frumkvæði, hvetja til samvinnu og samstarfs sem og vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana. Samhliða þessu að efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Leikur og nám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og kennsluáferð kennarans, meginnámsleið barna og gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Í bernsku er leikurinn. Það að leika sér, það sama og að læra að afæa sér þekkingar. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Sköðunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Kennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra.

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin eru samþætt og samorfin öllu starfi skólans. Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins.

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Hérna kemur gott dæmi um lýðræðisleg vinnubrögð en nemendur á Gulu lind skrifuðu bréf til leikskólastjóra um að hafa auka leikfangadag en bréfið hljóðaði svona:

Elsku Sóley Gyða og Sonja, okkur langar rosa, rosa, mikið að hafa leikfangadag. Það er orðið mjög langt síðan það var leikfangadagur síðast og það er mjög langt í næsta leikfangadag. Gerðu það elsku Sóley, viltu leyfa okkur að fá auka leikfangadag því þið eruð BESTAR í öllum heiminum. Ykkar vinir á Gulu lind (allir skrifuðu undir með nafni).

Það er ekki hægt að segja annað en að þetta flokkast undir lýðræðisleg vinnubrögð og erum við afar stoltar af þessum nemendum okkar og að sjálfsgöðu var þetta samþykkt. Frábært framtak hjá þessu unga fólki.

Þróunarverkefni "Leikum, lærum og lifum".

Undirritun samstarfssamnings um rannsóknarverkefni í leikskólum

Jóhanna Einarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna við Háskóla Íslands (RannUng), og bæjarstjórnar í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi undirrituðu þann 25. janúar samstarfssamning um rannsóknarverkefni í leikskólum. Markmið samstarfsins er að auka þekkingu á leikskólastarfi í sveitarfélögunum og stuðla að auknum gæðum í leikskólastarfi. Um er að ræða samning til þriggja ára.

Fyrsta rannsóknin sem aðilar taka höndum saman um að vinna er um tengsl leiks við námssvið aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Markmið rannsóknarinnar er að vinna með tengsl leiks og náms í leikskólum. Jafnframt verður skoðað hvernig leikskólakennarar, umhverfið og barnahópurinn styðja við leik barna og nám. Gengið verður út frá víxlverkun leiks og náms, þar sem leikurinn styður við nám og nám styður við leik. Starfendarannsókn og þróunarvinna verður unnin í fimm leikskólum, einum í hverju sveitarfélagi, árin 2012-2014.

Sveitarfélögin munu velja leikskóla til þátttöku í rannsókninni í samráði við fulltrúa RannUng. Stýrihópur skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og tveimur fulltrúum frá RannUng heldur utan um verkefnið og fylgist með framvindu þess.

Verkefnið mun hefjast í apríl 2012 með kynningum á verkefninu og fundum með starfsfólki. Vormisseri 2012 verður nýtt til undirbúnings rannsóknarinnar. Ný vinnubrögð verða síðan innleidd í skólana haustið 2012 og unnið að verkefninu skólaárin 2012-2013 og 2013-2014. Jafnframt verður gögnum safnað um framvindu og árangur og verkefnið metið. Árið 2014 verður unnið að skýrsluskrifum og kynningum á verkefninu.

Við hérna í Dal vorum svo heppin að vera valin og okkar verkefni er "lýðræði í leik barna". Rauða lind ætlar að vera í forystunni í þessu verkefni ásamt Sonju aðstoðarskólustjóra. Verkefni fer hægt og rólega af stað en svo fer allt á fullt í haust.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- njóta þess að hlutsta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- þróa læsi í víðum skilningi
- öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu
- deila skoðunum sínum og hugmyndum
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að n'lagast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða

Að koma og fara

Löggð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni og foreldum þess svo að þau finni sig velkomin í skólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft mikla þýðingu fyrir líðan þess í leikskólanum. Nauðsynlegt er að foreldrar láti kennara vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það.

Lögð er áhersla á:

- að tekið sé vel á móti börnum og foreldrum og þau kvödd
- að barnið upplifi sig mikilvægt

Hópastarf

Hópastarf eflir félagsþroska barna og er grundvöllur fyrir góð samskipti, samstarf og vináttu. Börn kæra að starfa saman í hópi, litlum eða stórum. Börn sem eru saman í hópi læra að þekkja hvernt annað, treysta hvert öðru, taka tillit til hvers annars og virða skonanir annara.

Lögð er áhersla á:

- að skipta börnum í hópa eftri aldri og þroska
- að styrkja einstaklinginn
- að auka samskiptahæfni

Samverustundir - söngstundir - sögustundir.

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barna. Efni þeirra er miðað við aldur og þroska þeirra.

Lögð er áhersla á:

- að samverustundir séu á skipulögðum tímum yfir daginn
- að börnin læri að vera bæði í minni og stærri hópum
- að allir eigi notalega stund saman
- að lesa, syngja og spjalla saman
- að læra að taka tillit til annarra

Spjaldtölvur

Leggja ber áherslu á samstarf barna í tölvuvinnu og þau eru örvuð til sjálfstæðra vinnubragða. Val á forrtium taki mið af uppeldis stefnu skólans.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla er lögð áhersla á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Rannsóknir sýna að mataræði og næringarástand barna ásamt hreyfingu hefur áhrif á heilsu þeirra, þroska, vöxt og alhliða líðan. Leikskólar Kópavogs hafa sett sér næringarstefnu og leggja ríka áherslu á að bjóða upp á heilsusamlegt fæði og fylgja faglega viðurkenndum ráðleggingum um næringu barna. Mikilvægt er að hjálpa börnum að temja sér heilbrigðar martarvenjur til framtíðar. Daglegar athafnir í leikskóla stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu og hefur það áhrif á sjálfsmynd þess.

Borðhald

Matartíminn á að vera notalegur tíma þar sem öllum líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi þar gefast gjarnan tækifæri til skemmilegra og fræðandi umræðna. Kennarar matast

með börnunum inni á deildum og þar lærum við borðsiði t.d. að segja: já takk og nei takk og takk fyrir matinn.

Morgunmat er milli 8:30 til 9:00 og hádegismatur er kl 11:15 til 11:45 á yngri deildum en kl 12 á eldri deildum.

Lögð er áhersla á:

- að börnin læri almenna borðsiði
- að börnin fái að hjálpa sér sjálf eftir aldri, getu og þroska
- að börnin séu hvött til að smakka allan mat
- að börnin aðstoði við undirbúning og frágang eftir máltíðir

Hreinlæti og frágangur

Einn liður í uppeldi og menntun barnsins er að það læri að ganga vel um fatnað, leikföng og efnivið. Nauðsynlegt er að frágangur og snyrtimennska sé eðlilegur þáttur í daglegu lífi hvers barns.

Lögð er áhersla á:

- að börnin gangi frá leikföngum og efniviði eftir notkun
- að börnin gangi frá fatnaði eftir því sem þau hafa getu til
- að börnin fái aðstoð ef þau þurfa
- að börnin fari sjálf á salernið eftir því sem þau hafa getu til
- að börnin þvoi sér eftir salernisferðir og útvist og einnig fyrir og eftir máltíðir

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg fyrir alhliða þroska barnsins. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Barn fær mörg tækifæri í leikskólanum til að fá hreyfiþörf sinni fullnægt. Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir mótstöðuafli og matarlyst. Í útiveru fá börnin tækifæri til að hreyfa sig frjálst og óhindrað til að fá þá útrás sem þau þurfa. Börnin fara í ferðir með kennurum sínum út í náttúruna eða heimsóknir á hinar ýmsu stofnanir. Börnin nota endurskinsvesti í ferðunum sem ekyr öryggi þeirra í umferðinni og tilfinningar.

Lögð er áhersla á:

- að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan
- að örva hreyfiþroska
- að njóta útvistar

Svefn og hvíld

Hvíld er öllum börnum nauðsynleg. Þau börn sofa sem þurfa en önnur eiga rólega stund. Nauðsynlegt er hverju barni sem dvelur á leikskólanum megnið af vökutíma sínum að hvílast á hverjum degi. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni.

Lögð er áhersla á:

- að auka vellíðan barnanna
- að börnin liggi á dýnu eða sitji saman í rólegri stund
- að spila rólega tónlist eða lesa bók

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og kennarar geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni. Mikilvægt er að kenna börnunum að ber virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Börn beita ýmsum aðferðum við að kanna og skilja umhverfi sitt. Kennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundum og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna.

Að klæða sig í og úr

Í fataherberginu fer fram mikið uppeldis- og fræðslustarf. Barnið klæðir sig að mestu sjálft í og úr og fær til þess tíma og hjálp sem það þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þess og styrkir sjálfsmynd. Þar er einnig lögð áhersla á samskipti, sjálfshjálp og góða umgengni. Eftir því sem barnið eldist eykst sjálfsbjargarviðleitni þess og þroski til að vera þátttakandi í að velja hvaða klæðnaður sé æskilegur með tilliti til veðurs. Með því að fylgjast með og ráðleggja barninu er kennarinn að virða sjálfstæði barnsins og upplifun þess á eigin getu.

Lögð er áhersla á:

- að börnin hvetja börnin til að klæða sig en aðstoða þau sem þurfa
- að börnin fái þann tíma sem þau þurfa til að klæða sig í og úr
- að börnin læri að ganga sjálf frá fatnaði sínum
- að kennarar stuðli að samhjálp og góðum siðum í fataherberginu

Náttúra og umhverfi

Kynni barnsins af náttúrunni er þýðingamikil fyrir þroska þess. Mikilvægt er að barn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Útisvæðið er hluti af fábrotinni náttúru leikskólans og barnið notar hana til að prófa sig áfram með náttúrulegan efnivið. Umhverfismennt er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og hluti af daglegu lífi hans. Virðing fyrir náttúrunni og nýtni eru góðir ieginleikar sem vert er að tileinka sér. Leikskólinn hefur sett sér umhverfisstefnu sem finna má á heimasíðu skólans.

Lögð er áhersla á:

- Að börnin kynnist flölbreytileika náttúrunnar, veðri og árstíðum
- Að fara í vettvangsferðir í nágrenni skólans og nánasta umhverfi
- Að stuðla að ábyrgð og virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Allt skipulag og búnaður í leikskólaum á að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þess. Hlutverk kennara er að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera börnunum kleift að nálgast efnið frá

mörgum hliðum. Börnin fá tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttða reynslu.

Hefðir og hátíðir

Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð.

Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, sögu okkar og fortíð. Með tímanum hafa myndast ákveðnar hefðir í leikskólanum sem eru mikilvægur hluti af menningu hans.

Afmæli barnanna. Í leikskólanum er haldið upp á afmæli barnanna enda er þetta stór viðburður í lífi þess. Afmælisbarnið er í aðalhlutverki þennan dag og fær það að velja sér glas, disk og eitthvað fleira úr afmælikassanum okkar.

Afmæli Dals og jafnframt afmælisdagur Kópavogs. Leikskólinn heldur upp á afmælið sitt í kringum 11 maí ár hvert með því að hafa opið hús.. Í hádeginu býður leikskólinn í samstarfi við foreldrafélagið, foreldrum og börnum í grillveislu og skemmtun í garði leikskólans.

Alþjóðlegur dagur kennara, er 5 október og þá gerum við ýmislegt til að vekja börn og kennara til umhugsunar um leikskólann okkar og hlutverk kennara.

Bangsadagurinn er haldin í kringum 27 október ár hvert og mega þá börnin koma með bangsa af heiman.

Dagur íslenskra tungu er árlegur viðburður og haldinn í kringum 16 nóvember. Leikskólinn leggur áherslu á sögur, vísur, rím, þulur og lög eftir Íslendinga þennan dag. Börnin safnast saman í sal þar sem þau flytja sína vísu eða þulu og jafnframt er þeim sagt frá því hvað var gert í gamla daga. Lubbi bangsahundurinn okkar á afmæli þennan dag.

Jólastund með foreldrum. Foreldrafélagið sér um jólastund tvo eftirmiðdaga í lok nóvembers milli klukkan 15-16. Annan daginn fyrir eldri og hinn fyrir yngri deildir.

Aðventan. Í desember eigum við notalegar og rólegar stundir með börnunum, Jólasöngvar, jólaföndur og síðast en ekki síst er kveikt á aðventukransinum í salnum.

Fullveldisdagur 1 desember. Haldið er upp á daginn með því að draga íslenska fánann að húni. Þennan dag gerum við okkur dagamun í mat og borðum hátíðarmat.

Jólaskemmtun. Er yfirleitt um miðjan desember og hefst dagur á því að borða jólamorgunmat. Haldnar eru tvær skemmtanir, sú fyrri byrjar klukkan 9:30 og hinn klukkan 10:30. Síðdegshressing er svo með hátíðlegra móti.

Kirkjuferð. Börnin fara í heimsókn í Lindarkirkju þar sem sungin eru jólalög og lesin jólasaga.

Þorláksmessa. Við gerðum okkur dagamun, borðum skötu og saltfisk ásamt öllu tilheyrandi. Í eftirrétt er höfum við möndlugraut og fær hver deild möndlugjöf frá foreldrafélaginu.

Álfadans. Eftir áramótin leggjum við áherslu á álfasögur og þulur. Á þrettándanum höldum við álfadansleik og að sjálfsögðu mæta álfadrotting og álfakóngur.

Þorralblót er haldið í byrjun Þorra. Börnin fá að kynnast gömlum hlutum, læra þorralög og borða þorramat.

Dagur leikskólans er haldin í kringum 6 febrúar. Þessi dagur er hugsaður sem kynning á skólastarfi leikskólans.

Bolludagur. Boðið er upp á rjórabollur þennan dag.

Sprengidagur. Saltkjöt og baunir, tókall.....

Öskudagsball. Allir mega mæta í náttfötum eða búningum þennan dag. Öskudagsball er í salnum og kötturinn sleginn úr tunnunni. Í hádeginu er boðið upp á pítur.

Yngismannadagur/pabbamorgunn. Þennan dag er öllum feðrum boðið í morgunmat og er þessi atburður í mars.

Yngismeyjadagur/mömmumorgunn. Í apríl höldum við upp á þennan dag og er þá öllum mæðrum boðið í morgunmat

Sólstöðuhátíð. Hún er haldin í júní með leikskólanum Núp. Við fórum í skróðgöngu og hittum krakkana í Núpi í undirgöngunum v/Fífuhvamsveg. Þar er sungið og trallað enda allir í búningum. Síðan er haldið af stað í annan hvorn skólann og þar er boðið upp á skemmtiatriði og grillaðar pylsur.

Allar þessar uppákomur eru auglýstar á heimasíðunni okkar undir atburðadagatalinu.

Myndsköpun

Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman því að skapandi starf eflir marga þroskaþætti barns. Börnin hafa aðgang að listaskála sem er staðsettur í miðju hússins og er hann eitt af svæðum skólans. Listsköpun fer einnig fram inni á deildum og úti.

Lögð er áhersla á:

- að börnin skapi og njóti á eigin forsendum og að sköpunargleðin fái að njóta sín
- að fjölbreyttur efniviður og áhöld séu að gengileg börnunum
- að nýta verðlaust efni sem til fellur
- Hver deild á sinn dag í listaskálanum. Blá lind á mánudaga, Græna lind á þriðjudaga, Rauða lind á miðvikudaga og Gula lind á fimmtudaga.

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroka með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Í leikskóla er umhverfi sem hvetur börnin til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt. Sutt er við sjálfsprottinn söng bana og tilraunir með hjóðgjafa, hlustun, rím og hreyfingu. Tónlist tengist jafnt inn í skpulagt sem óskipulagt starf. Í samverustundum er gott tækifæri til að ræða um lög sem tengjast ákveðnum árstíðum eð viðburðum.

Lögð er áhersla á.

- að synja á hverjum degi
- að læra lög, texta, þulur og rím
- að hlusta á tónlist
- Á föstudag hittast allar deildir í salnum og syngja saman.